

## Reglur um ræktunarverðlaun kynbótahrossa Hrossaræktarfélags Hrunamanna

1. Ræktunarbikara Hrossaræktarfélags Hrunamanna skulu þau kynbótahross hljóta sem ræktuð eru af félagsmanni, sem hæðstan dóm hafa hlotið í kynbótadómi á undanfarandi ári. Verðlaun eru veitt fyrir hryssu og hest í sitthvoru lagi.
2. Hrossið skal eiga uppruna í Hrunamannahreppi.
3. Hrossið sem hlýtur verlaunin skal að minnsta kosti vera skráð 25% ræktað af félagsmanni Hrossaræktarfélags Hrunamanna
4. Ræktunarbikarinn er farandgipur sem vinnst ekki til eignar, jafnhliða honum skal verðlaunahafinn fá minni verðlaunagrip til eignar.
5. Séu tvö hross með sömu einkunn skal það hross hljóta verðlaunin sem yngra er, annars deila þau verðlaunum.
6. Heimilt er að verðlauna sérstaklega það hross sem ræktað er af félagsmanni og er enn í hans eigu við dóm, ef hrossið sem aðalverðlaunin hlýtur er ekki lengur í eigu félagsmanns við dóm. Með þessu má ásamt því að verðlauna ræktunina, heiðra þá vinnu sem liggur að baki því að koma hrossi í dóm.
7. Miðað er við upplýsingar úr Worldfeng hverju sinni.

Þessar reglur eru samþykktar á aðalfundi félagsins 15.05.2018